

Vegagerðin
b/t Bergþóru Þorkelsdóttur vegamálastjóra
Borgartúni 5-7
105 Reykjavík

Fjallabyggð, 2. apríl 2019
Nr. erindis 1903056 / GIB

Efni: Brunavarnir í jarðgöngum og færsla skíðalyftu

Sæl Bergþóra

Takk fyrir spjallið um daginn. Við ræddum um tvö málefni og þú ætlaðir svo að hafa samband, en ekkert heyrst frá þér og er það tilefni þessa bréfs bæjarráðs.

1. Við ræddum um brunavarnir í jarðgöngum í Fjallabyggð. Þann 4/8 2010 sendir Gísli Eiríksson hjá jarðgangadeild vegagerðarinnar bréf til Ámunda Gunnarssonar slökkviliðsstjóra hjá Fjallabyggð varðandi brunavarnir í Héðinsfjarðargöngum. Þar stendur að vegagerðin mun styrkja Fjallabyggð um 14 mkr. til tækjakaupa vegna þjónustu við Héðinsfjarðargöng.

Í gildandi brunamálaáætlun Fjallabyggðar stendur í kafla 10, samningar og samstarf, að gera skuli samning við vegagerðina um brunavarnir í jarðgöngum í Fjallabyggð, sá samningur hefur ekki verið gerður enn.

Önnur jarðgöng í Fjallabyggð eru Múlagöng og Strákagöng.


Í Norðfjarðargöngum hefur Fjarðarbyggð fengið margfaldann styrk, miðað við það sem Fjallabyggð fékk, til brunavarna. Þá má einnig nefna í þessu sambandi brunavarnir við Vaðlaheiða- og Bolungarvíkurgöng.

Við tilurð Héðinsfjarðarganga var starfshlutfall slökkviliðsstjóra hækkað úr 75% í 100% og viðbragðsteymi var beggja megin ganganna. Þá hefur Fjallabyggð greitt fyrir kostnað vegna æfinga og viðbragðs í jarðgöngum.

Bæjarráð Fjallabyggðar óskar eftir viðræðum við vegagerðina, sem er veghaldari jarðganga í Fjallabyggð, um þjónustusamning um brunavarnir í Múla-, Héðinsfjarðar- og Strákagöngum.

2. Hitt atriðið sem við ræddum var færsla á skíðalyftu og skíðaskála í Skarðsdal.

Árið 2014 kom veðurstofan með þann úrskurð að neðri hluti skíðasvæðisins í Skarðsdal væri á snjóflóðahættusvæði og væri á undanþágu í ákveðin tíma



þar til úrbætur væru gerðar. Þetta þýddi að endurbyggja þurfti Skarðsveg ofar í fjallið og færa neðstu skíðalyftuna og skíðaskálann.

Þessi stjórnvaldsaðgerð var sett fram án nokkurs samráðs við heimamenn og hafði í för með sér mikinn kostnað. Fjallabyggð hafði fyrst samband við Ofanflóðasjóð og hefur það samtal staðið í nokkur ár án árangurs. Samkvæmt skilgreiningu sjóðsins er útivistasvæði ekki búsetusvæði.

Ekkert gerðist í málinu fyrr en þáverandi samgönguráðherra ákvað árið 2017, að setja fjármagn í að endurbyggja Skarðsveg. Sú framkvæmd er í gangi og lýkur væntanlega í haust. Forsvarsmenn Fjallabyggðar hafa verið í sambandi við oddvita ríkisstjórnarinnar um þetta mál. Þær viðræður hafa skilað því, að afgangur af fjárveitingu til vegaf framkvæmdanna (200 mkr) mínus framkvæmdakostnaður vegarins, myndi renna til færslu lyftu og skála.

Það sem gerðist síðast í þessu máli var, að samgönguráðherra hafði símasamband við bæjarstjóra og fullvissaði hann um að þetta mál yrði leyst.

Það þarf að færa lyftuna og skálann nú í haust og óskar bæjarráð eftir því að vegagerðin staðfesti þá framkvæmd. Frumhönnun og kostnaðaráætlun liggur fyrir og var gerð af Skíðafélagi Siglufjarðar.

3. Annað, sem við ræddum ekki um voru útvarpssendingar í jarðgöngum vegagerðarinnar í Fjallabyggð.

Við höfum skrifað bréf til forstöðumanns vegagerðarinnar, en fengið fá svör eins og vænta mátti á þeim bæ. Þetta er bæði öryggismál og krafa nútímans og gerð allsstaðar á útvarpssendingar í jarðgöngum. Kostnaður við slíka framkvæmd mun ekki skipta mörgum tugum miljóna. Bæjarráð Fjallabyggðar áréttar kröfur sínar að jarðgöng í Fjallabyggð verði tengd útvarpssendingum.

Bestu kveðjur úr Fjallabyggð
Virðingarfyllt,
f.h. bæjarráðs Fjallabyggðar

Gunnar Ingi Birgisson
Bæjarstjóri

Afrit:

Sigurður Ingi Jóhannsson samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra
Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra
Bjarni Benediktsson fjármála- og efnahagsráðherra